



Framkvæmdastjóri HSP

Héraðssamband Þingeyinga óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Starfssvæði HSP nær yfir Norður og Suður Þingeyjarssýslur. Um er að ræða 50% starf með áherslu á rekstur og starfsemi sambandsins.

Framkvæmdastjóri er starfsmaður stjórnar HSP og sinnir fjölbreyttum verkefnum fyrir Héraðssambandið. Starfið snýst að verulegu leyti um að leiða starf sambandsins, bæði hvað varðar innra starf sem og samskipti og samstarf við samstarfsaðila HSP. Einnig umsjón og umsýsla með fjárhag sambandsins.

Áhersla er lögð á góða samskiptahæfileika, frumkvæði og innsýn og skilning á inntaki ungmennahreyfingarinnar. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af félagsstörfum og hafi þekkingu á fjármálum og rekstri.

Umsóknarfrestur er til 27. ágúst. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf 15. september en er umsejnanlegt. Senda skal umsóknir á netfangið anitakg@gmail.com.

Nánari upplýsingar veitir Anita Karin Guttesen, formaður HSP í síma 698-5161.

Messur aflýst

Messu sem vera átti á Þóroddsstað
sunnudaginn 14. ágúst er aflýst.

Séra Þorgrúnur.

Fellihýsi til sölu

Við eigum Coleman Laredo fellihýsi árgerð 1998 sem við viljum selja.
Áhugasamir kaupendur hafi samband
í síma 464-3192,
einnig hægt að senda tölvupóst á stafn1@simnet.is.

Marsý og Snorri Stafni

Bókasafn Aðaldæla - Þingeyjarskóla

Safnið verður opnað eftir sumarlokun
þann 15. ágúst n.k.

Opnunartími safnsins verður
á mánudagskvöldum kl. 20:30 - 22:30
og á þriðjudögum kl. 12:00 - 14:00

Með lestrarkveðju!
Halldóra bókavörður

Flóamarkaður !

Laugardaginn 13. ágúst munu finar frúr halda markaðsdag í hesthússkjallaranum á Einarstöðum 1 frá kl 13:00 - 17:00 Ýmsar stærðir og gerðir af fatnaði og fleiru. Glingur og góss, handverk, bækur og tímarit og margt fleira.

Heitt á könnuni. Göldrótt spákona les í spil og teymt verður undir börnum.

Verið velkomin

Sýning og kaffisala í Skógum

Helgina 13. og 14. ágúst verður Gunnur S. Gunnarsdóttir frá Böðvarsgarði með myndlistarsýningu og kaffisölu í gamla barnaskólanum Skógum. Opið verður frá kl 13:00 til 17:00 báða dagana. Gaman væri að sjá sem flesta þessa síðustu opnu helgi sumarsins í Skógum.

GSG

32.tbl.
10. ágúst
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Bjarmahátíð 2016

Jæja gott fólk þá er komið að Bjarmahátíðinni, allir velkomnir á Bjarmavöllinn kl. 20:00 föstudagskvöldið 19. ágúst.

Leikum okkur saman, sprellum og höfum gaman. Takið með ykkur eitthvað gott í lautarferðina upp að pallinum.

Stjórn Bjarma

Frá ferðanefnd Bjarma

Nú hefur ferðanefnd Bjarma rumskað eftir langan dvala og boðar hér með sumarferð föstudaginn 19. ágúst í Leiðarnes sem er í landi Háls, vestur við Fnjóská, skammt sunnan brúarinnar á hringveginum. Mæting í gönguferðina er við austari Vaglaskógarveg og ekið til norðurs ofan við klaufina. Þaðan verður gengið að Leiðarnesi. Þarna verður trúlega hægt að tína bláber og jafnvel lerkisveppi. Mæting kl 15:00.

Birna og Sigrún